

Skóla- og velferðarþjónusta  
Árnesþings bs.  
Ársreikningur 2024

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs.  
Launrétt 6  
806 Selfoss

kt. 570921-1180

# Efnisyfirlit

---

|                                   | Bls. |
|-----------------------------------|------|
| Skýrsla og áritun stjórnenda..... | 3    |
| Áritun óháðs endurskoðanda .....  | 4    |
| Rekstrarreikningur.....           | 6    |
| Efnahagsreikningur.....           | 7    |
| Sjóðstreymisyfirlit.....          | 8    |
| Skýringar.....                    | 9    |

# Skýrsla og áritun stjórnar

---

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls er byggðasamlag rekið sameiginlega af Bláskógabyggð, Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Byggðasamlagið sér um ýmis lögboðin verkefni sem tengjast skóla- og velferðarþjónustu þessarra sveitarfélaga.

Rekstrartekjur byggðasamlagsins námu 159,7 millj. kr. á árinu 2024.

Á árinu voru 8,5 stöðugildi hjá byggðasamlaginu auk stjórnarfólks og námu launagreiðslur 93,7 millj. kr. Að auki voru greiddar 22,7 millj. kr. í launatengd gjöld.

Sveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags.

Stjórnendur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls staðfesta hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Selfossi, 26. mars 2025

Í stjórn Skóla- og velferðarþjónustunnar:

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundum 26. mars 2025 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu byggðasamlagsins 31. desember 2024 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni*. Við erum óháð byggðasamlaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem hún telur nauðsynlegt til að gera henni kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi byggðasamlagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema hún ætli annað hvort að leysa byggðasamlagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi byggðasamlagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert byggðasamlagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Selfossi, 26. mars 2025

**KPMG ehf.**

# Rekstrarreikningur árið 2024

|                                                             | Skýr. | 2024               | Fjárhags-<br>áætlun 2024 | 2023               |
|-------------------------------------------------------------|-------|--------------------|--------------------------|--------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                                       |       |                    |                          |                    |
| Framlög sveitarfélaga .....                                 | 4     | 157.545.535        | 192.829.103              | 127.741.710        |
| Aðrar tekjur .....                                          |       | 2.113.440          | 0                        | 0                  |
|                                                             |       | <u>159.658.975</u> | <u>192.829.103</u>       | <u>127.741.710</u> |
| <b>Rekstrargjöld</b>                                        |       |                    |                          |                    |
| Laun og launatengd gjöld .....                              | 5     | 116.522.022        | 153.300.000              | 91.685.507         |
| Annar rekstrarkostnaður .....                               |       | 43.546.183         | 39.529.103               | 36.493.302         |
|                                                             |       | <u>160.068.205</u> | <u>192.829.103</u>       | <u>128.178.809</u> |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld . |       | ( 409.230)         | 0                        | ( 437.099)         |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>                   |       |                    |                          |                    |
| Vaxtatekjur .....                                           |       | 524.654            | 0                        | 569.330            |
| Fjármagnstekjuskattur .....                                 |       | ( 115.424)         | 0                        | ( 132.231)         |
|                                                             |       | <u>409.230</u>     | <u>0</u>                 | <u>437.099</u>     |
| Rekstrarniðurstaða ársins .....                             |       | <u>0</u>           | <u>0</u>                 | <u>0</u>           |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

|                                       | Skýr. | 2024              | 2023              |
|---------------------------------------|-------|-------------------|-------------------|
| <b>Veltufjármunir</b>                 |       |                   |                   |
| Kröfur á aðildarsveitarfélög .....    | 6     | 14.192.870        | 7.618.414         |
| Aðrar skammtímakröfur .....           |       | 314.378           | 935.017           |
| Handbært fé .....                     |       | 4.240.716         | 5.485.456         |
| Veltufjármunir samtals                |       | <u>18.747.964</u> | <u>14.038.887</u> |
| <b>Eignir samtals</b>                 |       | <u>18.747.964</u> | <u>14.038.887</u> |
| <b>Skammtímaskuldir</b>               |       |                   |                   |
| Viðskiptaskuldir .....                |       | 1.535.735         | 797.268           |
| Skuldir við aðildarsveitarfélög ..... | 6     | 6.864.414         | 3.476.167         |
| Aðrar skammtímaskuldir .....          |       | 10.347.815        | 9.765.452         |
| Skammtímaskuldir samtals              |       | <u>18.747.964</u> | <u>14.038.887</u> |
| Skuldir samtals                       |       | <u>18.747.964</u> | <u>14.038.887</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>    |       | <u>18.747.964</u> | <u>14.038.887</u> |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

|                                           | Skýr.        | 2024         | 2023 |
|-------------------------------------------|--------------|--------------|------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                 |              |              |      |
| Rekstrarniðurstaða ársins .....           |              | 0            | 0    |
| Veltufé frá rekstri                       |              | 0            | 0    |
| Breytingar rekstartengda eigna og skulda: |              |              |      |
| Skammtíma kröfur, hækkun .....            | ( 5.953.817) | ( 8.553.431) |      |
| Skammtíma skuldir, hækkun .....           | 4.709.077    | 14.038.887   |      |
| Breytingar rekstartengdra eigna og skulda | ( 1.244.740) | 5.485.456    |      |
| Handbært fé (til) frá rekstri             | ( 1.244.740) | 5.485.456    |      |
| <b>Breyting á handbæru fé .....</b>       | ( 1.244.740) | 5.485.456    |      |
| <b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>      | 5.485.456    | 0            |      |
| <b>Handbært fé í lok ársins .....</b>     | 4.240.716    | 5.485.456    |      |



# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls bs. er byggðasamlag rekið sameiginlega af Bláskógabyggð, Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Byggðasamlagið sér um ýmis lögboðin verkefni sem tengjast skóla- og velferðarþjónustu þessarra sveitarfélaga.

Skráð aðsetur byggðasamlagsins er að Launrétt 6, 806 Selfossi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 3. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

## 4. Framlög aðildarsveitarfélaga

Framlög aðildarsveitarfélaga vegna velferðarþjónustu greiðast í hlutfalli við íbúatölu 1. janúar næstliðins árs. Framlög vegna skólaþjónustu greiðast í hlutfalli við nemendafjölda í skólum viðkomandi aðildarsveitarfélags miðað við 1. janúar næstliðins árs.

| Skólaþjónusta                       | Hlutfall | Framlög 2024 | Hlutfall | Framlög 2023 |
|-------------------------------------|----------|--------------|----------|--------------|
| Bláskógabyggð .....                 | 32%      | 25.870.010   | 32%      | 18.349.632   |
| Flóahreppur .....                   | 23%      | 18.275.145   | 25%      | 14.015.800   |
| Grímsnes- og Grafningshreppur ..... | 11%      | 8.900.233    | 12%      | 7.007.900    |
| Hrunamannahreppur .....             | 17%      | 13.765.693   | 17%      | 9.866.385    |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur .....   | 16%      | 13.053.675   | 13%      | 7.468.946    |
|                                     | 100%     | 79.864.756   | 100%     | 56.708.663   |

| Velferðarþjónusta                   | Hlutfall | Framlög 2024 | Hlutfall | Framlög 2023 |
|-------------------------------------|----------|--------------|----------|--------------|
| Bláskógabyggð .....                 | 33%      | 25.571.212   | 32%      | 22.879.290   |
| Flóahreppur .....                   | 17%      | 13.520.633   | 18%      | 12.655.108   |
| Grímsnes- og Grafningshreppur ..... | 13%      | 10.425.782   | 13%      | 9.562.828    |
| Hrunamannahreppur .....             | 22%      | 16.731.542   | 22%      | 15.622.265   |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur .....   | 15%      | 11.431.609   | 15%      | 10.313.555   |
|                                     | 100%     | 77.680.778   | 100%     | 71.033.047   |

## 5. Laun og launatengd gjöld

|                                 | 2024        | 2023       |
|---------------------------------|-------------|------------|
| Laun .....                      | 93.727.324  | 68.218.185 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð ..... | 12.163.665  | 9.003.791  |
| Sjóðagjöld .....                | 3.448.260   | 2.346.186  |
| Tryggingargjald .....           | 7.130.607   | 5.213.041  |
| Afallið orlof, breyting .....   | 52.166      | 6.904.304  |
|                                 | 116.522.022 | 91.685.507 |
| Ársverk .....                   | 8,5         | 6,6        |

## Skýringar, frh.

---

### 6. Staða við tengda aðila

|                                    | 2024              |                  |
|------------------------------------|-------------------|------------------|
|                                    | Kröfur            | Skuldir          |
| Bláskógabyggð.....                 | 11.077.205        | 0                |
| Flóahreppur.....                   | 2.795.779         | 0                |
| Grímsnes- og Grafningshreppur..... | 0                 | 5.349.698        |
| Hrunamannahreppur.....             | 319.886           | 0                |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur.....   | 0                 | 1.514.716        |
|                                    | <u>14.192.870</u> | <u>6.864.414</u> |

  

|                                    | 2023             |                  |
|------------------------------------|------------------|------------------|
|                                    | Kröfur           | Skuldir          |
| Bláskógabyggð.....                 | 3.919.416        | 0                |
| Flóahreppur.....                   | 3.698.998        | 0                |
| Grímsnes- og Grafningshreppur..... | 0                | 1.324.367        |
| Hrunamannahreppur.....             | 0                | 1.234.147        |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur.....   | 0                | 917.653          |
|                                    | <u>7.618.414</u> | <u>3.476.167</u> |